



**INNTAKA LÖGREGLUFRÆÐINEMA
HÁSKÓLANS Á AKUREYRI Í
STARFSNÁM HJÁ MENNTA- OG
STARFSÞRÓUNARSETRI LÖGREGLU
(MSL)**

STARFSNÁM I – JANÚAR 2020

1. INNGANGUR

Þann 14. maí 2014 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996, sem varð að lögum nr. 51/2014. Í samræmi við ákvæði til bráðabirgða í lögunum skipaði innanríkisráðherra í kjölfarið starfshóp til þess að endurskoða skipulag og starfsemi Lögregluskóla ríkisins og gera tillögu að framtíðarskipan lögreglumenntunar. Starfshópurinn skilaði skýrslu 15. september 2014. Í lok febrúar 2015 var svo annar starfshópur skipaður til að endurskoða innihald lögreglunáms og var hlutverk hans m.a. að fara yfir innihald lögreglunáms hér á landi, bæði grunnnáms og framhaldsnáms, og setja fram tillögur um með hvaða hætti efla mætti námið þannig að það tæki mið af þörfum samfélagsins.

Það var eindregin niðurstaða beggja starfshópanna, sbr. nánari umfjöllun hér á eftir, að færa skyldi lögreglumenntun á háskólastig en jafnframt að sérstök eining innan lögreglu hefði það hlutverk að sjá um tengingu fræðilegs og verklegs hluta námsins, sem og að sinna rannsóknar- og fræðslustarfi innan lögreglu. Leiddi þetta til þess að þann 31. maí 2016 samþykkti Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum nr. 90/1996, sem varð að lögum nr. 61/2016.

Í 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu annist inntöku nemenda í starfsnám í samstarfi við háskóla. Einnig kemur fram að ákvörðun setursins um val á nemum í starfsnám sé endanleg.

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu byggir inntöku sína á lögum og þeirri reynslu sem varð til hjá valnefnd Lögregluskóla ríkisins. Um samkeppnispróf er að ræða en gert er ráð fyrir að 40 efstu á matsþáttum verði boðið pláss í starfsnámi.

Í 7. gr. reglugerðar nr. 221 frá árinu 2017 um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu er fjallað nánar um inntöku á nemendum í starfsnám. Þar segir:

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu skal leitast við að velja til starfsnáms þá hæfustu úr hópi umsækjenda á hverjum tíma. Einkum skal þess gætt að velja ekki til starfsnáms einstakling sem ætla má að eigi erfitt með að sinna lögreglustarfi svo að vel fari, svo sem vegna óreglusemi, fjárhagsvanda eða vegna þess að hann hefur hlotið dóm fyrir brot á sérrefsilöggjöf. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu skal fyrst meta hverjir umsækjenda eru hæfir og uppfylla almenn inntökuskilyrði. Þá getur setrið látið hæfa umsækjendur undirgangast inntökupróf og önnur próf sem rétt þykir að framkvæma. Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu getur að auki óskað eftir frekari gögnum frá umsækjendum, eða um þá, og að þeir sæti sérstakri læknisskoðun. Umsækjandi ber kostnað af umsókn um starfsnám.

Við inntöku á nemum í starfsnám þarf að hafa í huga að slíkar ákvarðanir eru stjórnvaldsákvarðanir í skilningi stjórnvisslulaga. Málsmeðferð skal vera vönduð og í samræmi við ákvæði laga og reglugerða sem um það gilda.

Lög, reglugerðir og annað sem reynt getur á

- Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944, einkum 20. gr.
- Lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996
- Stjórnsýslulög nr. 37/1993, einkum 8., 10., 11., 13. og 22. gr.
- Lögreglulög nr. 90/1996
- Reglugerð um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu nr. 221/2017
- Reglugerð um starfsstig innan lögreglunnar nr. 1051/2006
- Upplýsingalög nr. 140/2012, einkum 7. gr. og 1. mgr. 27. gr.
- Lög um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 (jafnréttislög), einkum 20. og 26. gr.
- Álit Umboðsmanns Alþingis.
- Dómar.
- Verklagsreglur ríkislögreglustjóra

Reykjavík í júní 2019

Ríkislögreglustjóri

2.0 Inntaka starfsnema

2.1 Inntökuskilyrði

Í 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 er kveðið á um hvaða almennu skilyrði nemar í starfsnámi skulu fullnægja. Þar segir:

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL) annast starfsnám lögreglunema og velur nema í starfsnám í samstarfi við háskóla. Ákvörðun setursins um val á nemum í starfsnám er endanleg. Nemar í starfsnámi skulu fullnægja eftirtöldum almennum skilyrðum:

- a. vera íslenskir ríkisborgarar, 20 ára eða eldri,
- b. hafa ekki gerst brotlegir við refsilög, þetta gildir þó ekki ef brot er smávægilegt eða langt er um liðið frá því að það var framið, né hafa sýnt af sér háttsemi sem getur rýrt það traust sem lögreglumenn verða almennt að njóta,
- c. vera andlega og líkamlega heilbrigðir og standast læknisskoðun trúnaðarlæknis samkvæmt fyrirbyggjandi kröfum sem mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu setur reglur um í samstarfi við háskóla,
- d. hafa lokið stúdentsprófi eða annarri sambærilegri menntun,
- e. samkvæmt nánari kröfum sem ráðherra setur með reglugerð, á grundvelli tillagna frá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu, m.a. um menntun, starfsþjálfun, tungumálakunnáttu og líkamlega færni.

2.2 Sakavottorð

Í 2. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 kemur fram að til að staðreyna hvort viðkomandi uppfylli skilyrði b-liðar 1. mgr. er mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu heimilt að afla upplýsinga úr sakaskrá og málaskrá lögreglu.

Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu er heimilt að setja sér verklagsreglur þar sem fram koma þau viðmið sem stuðst er við þegar meta á skilyrði um inntöku á nemum í starfsnám.

3.0 Læknisfræðileg viðmið og matsreglur

Eftirfarandi viðmið byggja á mati þriggja sérfræðilækna sem ríkislögreglustjóri fékk til að endurskoða fyrri viðmið í janúar 2019 um kröfur sem gera skal til nemenda sem hefja starfsnám og eru sambærilegar við þær kröfur sem gerðar eru á hinum Norðurlöndunum.

Læknisvottorð skal metið og geymt hjá heilbrigðisstofnun, nú hjá Vinnuvernd ehf, Holtasmári 1, 201 Kópavogi og skal senda vottorðið þangað merkt: „Trúnaðarlæknir ríkislögreglustjóra – starfsnám lögreglu“. Umsækjendur geta ekki krafist þess að fá vottorð afhent að umsóknarferli loknu.

Trúnaðarlæknir veitir mennta- og starfsþróunarsetrinu aðeins upplýsingar um hvort uppfylli kröfur um andlegt og líkamlegt heilbrigði eða ekki, án frekari skýringa.

3.1 Almenn heilbrigðisskilyrði

Umsækjandi skal vera andlega og líkamlega heilbrigður og standast læknisskoðun í samræmi við viðmið mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu til að geta talist að fullu fær til að gegna starfi lögreglumanns (sérstakt skjal á vefsíðu menntaseturs lögreglu). Læknir sem starfar á heilsugæslustöð umsækjenda framkvæmir læknisskoðunina og fyllir út eyðublað sem skilað er til trúnaðarlæknis menntasetursins. Læknisvottorð má ekki vera eldra en tveggja mánaða þegar sótt er um.

Nauðsynlegt er, að umsækjendur sem haldnir eru einhverjum þeirra sjúkdóma sem teljast til útilokandi þátta fyrir námið, en óska samt sem áður eftir mati á því hvort umsókn þeirra komi til greina, láti greinargerð þess sérfræðings sem hefur meðhöndlað þá vegna sjúkdómsins fylgja með læknisvottorðinu.

Mikilvægt er að eyðublaðið sé rétt útfyllt og ber umsækjandi ábyrgð á því að tryggja að svo sé. Ófullnægjandi vottorð getur ógilt umsókn um starfsnám.

3.2 Aðrar og nánari reglur um mat á umsækjenda

3.2.1 Aldur

Umsækjandi skal vera orðinn 20 ára þegar starfsnám hefst. Aldur miðast við fæðingardag.

3.2.2 Tjáskipti

Hafi umsækjandi ekki gott vald á talmáli og getur ekki tjáð sig með skýrum og óyggjandi hætti getur það útilokað hann frá starfsnámi.

3.2.3 Fjárhagsstaða

Umsækjandi sem er með fjármál sín í óreiðu, t.d. er gjaldþrota eða er í óeðlilega miklum ábyrgðum eða skuldum getur ekki búist við að hljóta inngöngu í starfsnám.

4.0 Ferill umsókna

4.1 Starfsnám auglýst

Mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu (MSL) gerir drög að auglýsingu vegna inntöku starfsnámsnema og sendir til lögfræðings til yfirferðar. Gæta þarf meðal annars að eftirfarandi:

- Gæta að umsóknarfresti.
- Tilgreina hæfisskilyrði.
- Tilgreina áætlaðan fjölda starfsnema.
- Umsækjendur bera sjálfir ábyrgð á öflun og afhendingu umsóknargagna.
- Tilgreina hvaða umsóknargögn skulu fylgja umsókn, s.s. vottorð frá lækni skv. staðli MSL og annað sem tilgreint er í auglýsingu.
- Auglýsingin er birt á vefsvæði MSL.
- Fyrirspurnum vegna umsókna skal beina til starfsnam@logreglan.is
- Umsóknir sem berast innan auglýsts umsóknarfrests eru teknar til meðferðar, en aðrar ekki.
- Lögfræðingur fer yfir umsóknir og tilkynnir umsækjendum ef formskilyrðum er ekki fullnægt.

4.2. Umsóknir

Sótt er um starfsnám hjá mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu rafrænt á heimasíðu Háskólans á Akureyri (<http://stefania.unak.is/ymissgogn/haumsoknlogreglunam.asp>) og samhliða umsókn skal vottorð frá lækni sent trúnaðarlækni samkvæmt staðli mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu. Umsóknir sem berast innan auglýsts umsóknarfrests eru teknar til meðferðar, en aðrar ekki.

Fyrirspurnir í tengslum við starfsnámið skal senda á netfangið starfsnam@logreglan.is.

4.3 Úrvinnsla umsókna

Umsóknir um starfsnám eru skoðaðar og metnar af mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu. Setrið tekur afstöðu til þess hverjir teljist uppfylla almenn hæfisskilyrði sem sett eru, s.s. aldur, menntun, starfsreynsla o.fl. Standist umsækjandi ekki bakgrunnsathugun tilkynnir mennta- og starfsþróunarsetur honum um það ásamt upplýsingum um hvers vegna umsókn hans var hafnað. Ákvörðun setursins um inntöku nema í starfsnám er endanleg sbr. 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga 90/1996 með síðari breytingum.

5.0 Inntökupróf

Þeir umsækjendur sem staðist hafa almenn hæfisskilyrði sbr. 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga og koma fram í auglýsingu um starfsnám eru boðaðir í inntökupróf. Prófað er í þreki en einnig er lagt fyrir umsækjendur sálfræðileg próf og önnur verkefni.

5.1. Þrekpróf

Þrekprófið skiptist í þrjá þætti: *hlaup, stöðvaæfingar og sund*. Um er að ræða æfingaröð þar sem reynir á snerpu, styrk, þol og sundkunnáttu einstaklinga.

Nánari upplýsingar um framkvæmd þrekprófa er að finna á heimasíðu MSL www.menntaseturlogreglu.is undir Lögreglufræði – Þrekpróf - Inntökupróf.

5.5 Sálfræðimat við inntöku á starfsnemum

Umsækjendur um starfsnám gangast undir sálfræðimat þar sem lagt er mat á persónuleika, sálrænt ástand og samskipti. Athuganir þessar hafa verið notaðar víðs vegar um heim í inntökugerli á starfsnemum. Þau eru talin bæði áreiðanleg og réttmæt í þeim tilgangi.

5.6 Um framkvæmd prófa

Reikna má með einum degi til próftöku. Gefin eru eðlileg hlé milli prófa.

5.7 Undanþágur frá próftöku

Mennta- og starfsþróunarsetur veitir engar undanþágur á próftöku eða veitir fresti til að ljúka prófi. Ef umsækjandi óskar eftir einhverjum sérstökum prófdegi, eða breytingu á prófdegi innan prófatímabilsins, er reynt að verða við því þegar það er mögulegt.

5.8 Sjúkrapróf

Sjúkrapróf verður haldið innan mánaðar frá boðuðum próftíma. Til þess að fá að þreyta sjúkrapróf skal læknisvottorð, er sanni veikindi eða meiðsli, hafa borist Mennta- og starfsþróunarsetri lögreglu á neðangreint póstfang eigi síðar en þremur dögum eftir áður boðaðan prófdag viðkomandi umsækjanda.

Ríkislögreglustjóri
Mennta- og starfsþróunarsetur
Starfsnám
Skúlagata 21
101 Reykjavík

5.9 Gildistími inntökuprófa

Inntökupróf gilda ekki milli ára. Umsækjandi sem ekki fær inngöngu í starfsnám lögreglu skal þreyta inntökupróf að nýju ef hann sækir aftur um starfsnám.

6.0 Inntaka á nemendum í starfsnám

6.1 Vinnulag mennta- og starfsþróunarseturs lögreglu

MSL metur, í samstarfi við háskóla, hvort umsækjendur fullnægi inntökuskilyrðum og ákveður hverjir skulu hefja starfsnám sbr. 7. gr. reglugerðar 221/2017 um mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu. Þeir umsækjendur sem staðist hafa þrekpróf og sálfræðimat sem framkvæmt er af MSL eða önnur próf sem rétt þykir að umsækjandi umgangist hverju sinni eru boðaðir í viðtal.

Viðtalsnefnd skipuð af ríkislögreglustjóra heldur utan um framkvæmd viðtala. Viðtalsnefnd skal skipa að lágmarki þrjá og í henni sitja að minnsta kosti einn lögreglumaður og einn lögfræðingur. Viðtalsnefnd er heimilt að kalla til sérfræðinga við mat á ákveðnum atriðum og geta niðurstöður slíks mats útilokað umsækjanda frá starfsnámi.

6.2 Viðtöl

Að inntökuprófum loknum boðar mennta- og starfsþróunarsetur lögreglu umsækjendur til viðtals sem tekur u.þ.b. 20 mínútur. Viðtalið fer þannig fram að allir umsækjendur eru spurðir sömu spurninganna. Svör umsækjenda verða skráð á meðan viðtali stendur. Komi eitthvað fram í viðtalinu sem haft getur þau áhrif að umsækjandi þyki síður heppilegur til að gegna lögreglustarfi skal ritari viðtalsnefndar bóka um það.

6.3. Um inntöku á nemendum í starfsnám:

- Raða skal umsækjendum þeim sem uppfylla framangreind hæfisskilyrði, standast inntökupróf og þá áfanga við Háskólann á Akureyri sem tilgreindir eru í auglýsingu eftir matsþáttum sem tilgreindir eru í kafla 7.1.
- Gera skal ríkislögreglustjóra grein fyrir röðuninni og þeim forsendum sem hún byggir á.
- Ákvörðun MSL um inntöku á nemum í starfsnám er endanleg sbr. 2. ml. 1. mgr. 38. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.
- Hæfustu umsækjendunum er boðið að hefja starfsnám með tilkynningu í tölvupósti eða öðrum sannanlegum hætti.
- Þeir umsækjendur sem ekki fá inngöngu í starfsnám er einnig tilkynnt um það með þeim fyrirvara að ef einhver þekkist ekki boðið fái næsti maður á listanum inngöngu í starfsnám.

7.0 Atriði er liggja til grundvallar mati á umsækjendum

Ákvörðun um hvaða umsækjendum er veitt innganga í starfsnám byggist á heildarmati á ýmsum þáttum, hliðsjón er m.a. höfð af eftirfarandi gögnum:

Þrekprófi, frammistöðu í áföngum fyrstu annar, sálfræðimati, mati læknis, framkomu, hæfni í mannlegum samskiptum, sakavottorði og sakaferli að öðru leyti, auk frammistöðu í viðtali og öðrum verkefnum.

7.1 Vægi matsþátta

Að loknu matsferli er nemendum raðað miðað við eftirfarandi forsendur:

- 1) LRF0176160 Inngangur að lögreglufræði (20%)
- 2) LÖG0176100 Inngangur að íslenskri lögfræði (20%)
- 3) VIH0106100 Vinnulag í háskólanámi (20%)
- 4) Viðtal, sálfræðimat og verkefni (40%)

Frammistaða í þremur áföngum við Háskólann á Akureyri fyrstu annar vegur 60% af mati við inntöku og viðtal, sálfræðimat og verkefni framkvæmd af menntasetri lögreglu vegur 40%.

7.2 Starfsnemar í starfsnámi

Starfsnemar skulu;

- vinna heit samkvæmt ákvæðum 29. gr. lögreglulaga nr. 90/1996,
- skrifa undir yfirlýsingu um þagnarskyldu, heitstaf lögreglumanna og siðareglur lögreglu,
- lúta siðareglum lögreglu. Brot á siðareglum getur varðað brottvikningu úr starfsnámi,
- lúta reglum þeim sem að MSL setur hverju sinni.

8.0 Að loknu inntökuferli

8.1 Að inntöku lokinni

Almenna reglan, skv. 15. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993, er sú að umsækjandi á rétt á að kynna sér skjöl og önnur gögn er mál hans varða.

8.2 Almenn t vinnulag

Vinnulag mennta- og starfsþróunarseturs er þannig að fyrirspurnir um niðurstöður prófa og inntökuferlið skal beint til starfsnam@logreglan.is en heimilt er að gefa umsækjendum svör um atriði er varða þeirra eigin gögn og frammistöðu.

Mennta- og starfsþróunarsetur svarar ekki öðrum en umsækjendum sjálfum eða fulltrúum þeirra sem hafa skriflegt umboð.

8.3 Athugasemdir

Með breytingu á lögreglugögum frá 31. maí 2016 er kveðið á um að ákvarðanir setursins um inntöku á nemum til starfsnáms séu endanlegar. Þær eru með öðrum orðum ekki kæránlegar.

Athugasemdum vegna inntökuferlis skal beina til ríkislögreglustjóra í gegnum netfangið, starfsnam@logreglan.is. Almenna reglan er sú að ákvörðun er ekki endurskoðuð nema ný gögn, sem geti breytt málum, hafi komið fram eða líkur eru á að gögn hafi verið rangt metin. Varði formlegar athugasemdir við framkvæmd prófa, aðstöðu eða annað því um líkt, ber setrinu að fjalla um þær og tilkynna viðkomandi hver niðurstaðan hafi orðið.

8.4 Rökstuðningur

Umsækjandi sem fær ekki boð um starfsnám á rétt á rökstuðningi á þeirri ákvörðun setursins, sbr. 21. og 22. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.